

## Endurskoðuð áætlun Íbúðalánasjóðs 2009

(um útlán, greiðslur og útgáfu íbúðabréfa)

Endurskoðuð áætlun útgáfa íbúðabréfa Íbúðalánasjóðs árið 2009 til fjármögnunar nýrra útlána er 33 – 38 milljarðar króna, sem er lækkun um 3 – 6 milljarða frá fyrri tölum.

Íbúðalánasjóður áætlar að ný útlán sjóðsins verði á bilinu 41 – 47 milljarðar króna á árinu 2009, sem er lækkun um 8 – 10 milljarða kr. frá fyrri áætlun. Þar af er gert ráð fyrir að leiguíbúðalán verði á bilinu 12 – 14 milljarðar króna, sem er lækkun um 2 milljarða frá fyrri áætlun.

### Útboð íbúðabréfa og útlán Íbúðalánasjóðs

Áætlun 2009	1.Q	2.Q	3.Q	4.Q	Alls 2009
Útgáfa Íbúðabréfa	6	8 - 10	10 - 12	9 - 10	33 - 38
Ný útlán Íbúðalánasjóðs	9	10 - 12	12 - 14	10 - 12	41 - 47

Tölur eru í milljörðum ISK.

Töluverð óvissa ríkir um útlána- og útgáfuáætlanir í ljósi breyttra aðstæðna á fjármála- og fasteignamarkaði. Nákvæmar tölur um áætlun útlán og útgáfu íbúðabréfa er því ekki hægt að gefa upp. Þannig geta einstaka tölur í útboðum færst á milli ársfjórðunga og veltur það á markaðsaðstæðum hverju sinni.

Íbúðalánasjóður áætlar að greiða lánadrottnum sínum á bilinu 59 - 65 milljarða króna árið 2009, sem er lækkun um 2 milljarða króna frá fyrri áætlun og er stærstur hluti þeirra tilkominn vegna afborgana íbúðabréfa.

### Greiðslur Íbúðalánasjóðs

Áætlun 2009	1.Q	2.Q	3.Q	4.Q	Alls 2009
Greiðslur Íbúðalánasjóðs	18	14 - 16	13 - 15	14 - 16	59 - 65

Tölur eru í milljörðum ISK.

Áætlun þessi miðast við núverandi aðstæður á fasteigna- og íbúðalánamarkaði. Verði breytingar á markaðsaðstæðum má reikna með að ofangreind áætlun geti breyst. Íbúðalánasjóður endurskoðar áætlanir sínar ársfjórðungslega og oftast ef þörf krefur.